

ÁRÓÐUR

Fréttabréf Ármanna

September 2007

Ritstjóri gengur aftur

Ágætu félagar,

Þegar formaður vor frétti að von væri á mér aftur til kaupstaðarins, eftir fimm ára fjarveru, var hann snar í snúningum og munstraði mig í að sjá um fréttabréfið okkar. Ég vissi ekki fyrr en hann var farinn að kalla mig ritstjóra og þar sem hégiljuskap mínum er við brugðið þá svaraði ég strax því kalli.

Að sjálfsgöðu er það mér sönn ánægja að koma að útgáfu Áróðs í vetur og vonandi verður okkar góða félagi einhver akkur í því að hafa mig þar við stjórnvölinn. Fráfarandi ritstjóra, Þorsteini Joð, þökkum við vel unnin störf, vonandi fær félagið að njóta hans krafta enn frekar í framtíðinni.

Á fundi með stjórn félagsins í byrjun september lagði ég til að blaðið okkar kæmi út mánaðarlega, eins og áður var, því það er trú mín að Áróður sé eins konar sement í félagsstarfi okkar, eitt af því sem bindur okkur saman, heldur á lofti merki félagsins og er til vitnis um að það dragi lífsandann af miklum þrótti. Þess vegna er æskilegast að Áróður komi út með nokkuð reglubundnum hætti.

Skemmst er frá því að segja að þessi tillaga var samþykkt samhljóða og því munu ykkur berast níu tölublöð í vetur og fram á næsta vor sem verða vonandi til að stytta biðina eftir næstu vertíð.

Samhliða þessu starfi að ritstjórn Áróðs verður það hlutverk mitt að hressa upp á heimasíðu félagsins, www.armenn.is, sem mér þykir hafa verið nokkuð laus í reipunum á síðustu misserum. Stefnt er að því að ný heimasíða verði opnuð í október og verður nánar greint



frá því í næsta tölublaði Áróðs. Lofa skal mey að morgni – við skulum sjá hvað setur og vona að þokkalega takist til, bæði í útgáfunni og vefmálum.

Það er nokkuð kostnaðarsamt fyrir lítið félag að standa stráum að útgáfu fréttabréfs og því meiri verður kostnaðurinn sem tölublöðin eru fleiri. Þess vegna ætlar stjórnin að einhenda sér í að fá auglýsingar í blaðið til að mæta þessum kostnaði að einhverju eða öllu leyti. Allt liðsinni félagsmanna í söfnun auglýsinga er að sjálfsgöðu er vel þegið.

Varla þarf heldur að taka fram að framlag í formi greinaskrifa eða veiðisagna kæmi sér afskaplega vel fyrir ritstjórnann og stjórnina. Sendið mér endilega pistil og/ eða myndir á netfangið ragnarh@akureyri.is til birtingar í blaðinu okkar. Ábendingar um efnistösk eða efnisval eru þar að auki vel þegnar.

Annars er það helst af sjálfum

mér að fréttu að ég eignaðist dóttur síðasta sumar og dvel því í höfuðborginni fram undir næsta vor við barnauppleði og bleiuskipti. Þessar fyrirséðu breytingar á mínum högum voru meðal annars ástæða fyrir því að ég losaði mig undan formennsku í Stangaveiðifélagi Akureyrar síðasta vor og sé mér nú fært að leggja Ármönnum lið um nokkurra mánaða skeið.

Mér þykir vænt um félagið okkar. Það á sér merkilega sögu og er að mínu viti einstakt í sinni röð. Þar hafa alla tíð margir mætir menn unnið fórnfúst starf við að draga vagninn og miðla af þekkingu sinni. Innan raða Ármanna er gott að starfa og þar hef ég eignast marga góða vini. Ég vil að lokum hvetja alla til að leggja sitt af mörkum og vera virkir í starfi Ármanna.

*Með góðri veiðikveðju,
Ragnar Hólm Ragnarsson*

Notalegur vetur í nánd

Þótt það eigi kannski ekki við um þá allra veiðiglöðustu í hópi Ármanna, þá er það víst svo að mörg okkar hafa á þessum síðustu dögum septembermánaðar farið seinustu veiðiferð sumarsins.

Minningar kvenna og karla úr ferðunum þeim eru vitanlega af ýmsum toga og ekkert endilega tengdar miklum aflabrogðum. Fall-egt sólsetur, snögg veðrabrigði, ungar í hreiðri, Rektor nr. 2 á bóllakafi í eyrnabljóskinu eða þegar veiðistengurnar gleymdust heima og óendanlega margt fleira þarna á milli eða annars staðar, getur verið það sem upp úr mun standa og verma í komandi skammdegi.

Ég var í Hlíðarvatni nú á dög- unum og sá ekki fisk, en þannig er það bara oft á þessum tíma, í ökkla eða eyra. Hins vegar bý ég að minningarbroti eftir daginn þann, sem í sjálfu sér er varla frásagnarvert, en það er samt þarna, hreint og sterkt. Þar sem illa gekk að finna blessaða bleikjuna skipti ég ört um veiðistaði. Og það var sama hvar ég bar niður og byrjaði að kasta, nær samstundis skaut upp kollinum himbrimi á lengdar sem svo færði sig nær með mislöngum köfunum og endaði alltaf í fimm stanga fjarlægð hér um bil, hætti að veiða og byrjaði að snurfusa sig og snyrta. Alltaf sama ferlið, sjö til átta sinnum taldi ég. Verð að viðurkenna að þetta atferli himbrimans kitlaði verulega hégómagirnd mína, því það var alveg á tæru, að í huga hans hlaut að vera fiskur þar sem ég staldraði við. Því miður varð ég aldrei var við að hann yrði frekar var en ég, en til þess bar honum



Formaðurinn fær sér krú við Hlíðarvatn sunnudaginn 23. september og dremmir líklega Himbrima með fullan kjaft af bleikju.

meiri nauðsyn. Þetta var sennilega ungur fugl og mín von er sú að honum hafi vegnað betur síðan við veiðarnar og að við hittumst aftur í góðu formi að vetri loknum.

Í vor nefndi ég við ykkur félagar góðir, sem berið hag félags okkar fyrir brjósti, að þið veltuð fyrir ykkur hugsanlegum breytingum á áherslum, markmiðum og jafnvel lögum þess í umhverfi sem er gjörbreytt frá því sem var við stofnun þess fyrir 34 árum.

Hugmyndum hér að lútandi skulu menn endilega ekki stinga undir stól, heldur viðra þær í spjallformi, gjarnan í Árósum, undir svo mörgum augum sem þeir óska eða birta þær hér í blaðinu góða.

Á öðrum stað í blaðinu er birt dagskrá helstu liða vetrarstarfsins.

Að venju verður opið á mánudagskvöldum til sannra sagna ein-

göngu og hnytinga.

Mánudagskvöldið 1. október verður hið fyrsta svoleiðis og verður húsið opnað þá með viðhöfn nokkurri, þ.e. léttum Ármanna-veitingum sem er auðvitað kaffi og með því í boði hússtjórnar.

Á miðvikudagskvöldum verður einnig opið hús og þá oft með dagskrá sem auglýst verður eftir efnun.

Vetrardagskráin þessi gerir félögum kleift að merkja strax við á dagatalinu hvenær jólasamkoman verður, skil veiðileyfaumsókna og það allt og svo auðvitað aðalfundurinn og þorrablótið, að ógleymdu vorblóti og Hlíðarvatns-hreinsun.

Þannig er, mín ágætu, til margs að hlakka.

HF

Áróður og félagsaðild

Ágætu Ármenn

Þetta eintak Áróðurs á að berast þeim öllum sem voru á félagsskrá í lok vetrar sem leið. Hafi hins vegar félagsskírteinin ekki borist ykkur í hendur nú þegar, er langlíklegasta ástæðan sú, að árgjaldið hefur ekki skilað sér til gjaldkera. Fari eitthvað á milli mála hvað þetta snertir, þá vinsamlegast látið okkur vita. Það er synd ef einhver hættir að fá blaðið vegna gleymsku, en það gerist þegar menn detta út úr félagskránni í samræmi við lög félagsins.

Stjórnin

ARMENN

Landsfélag um þjóðlega náttúruvernd og stangveiði með flugu.

Árósum, Dugguvogi 13, 104 Reykjavík, sími 568 6051.
Ritstjórn og ábyrgð: Ragnar Hólm Ragnarsson, ragnarh@akureyri.is.
Umbrot: Dagur Jónsson. Prentun: Frum ehf.
www.armenn.is / armenn@armenn.is

Ármannaferðin 2007



Jónsmessuhelgina 2007 var auglýst Ármannaferð í vötnin sunnan Tungnár. Margir lýstu áhuga sínum fyrir ferðinni og viðkvæðið var að hér væri skemmtileg ferð í vændum en dagsetningin röng því þeir væru búnir að bóka sig í veiði annars staðar, m.a. byrjunarhollið í Veiðivötnum og það er eitthvað sem enginn sleppir sem hreppir. Eigi að síður hittumst við þarna 15 vaskir Ármenn og áttum saman glaða stund. Við leigðum hús fyrir okkur í Landmannahelli og einhverjir voru þar á tjaldstæðinu í svítum sínum.

Nóttin var björt - og við líka - og það var ekki farið eftir stífri áætlun heldur var ármennskt samkomulag um að veiða, matast og hvílast eins og hver vildi og var því oft glatt á hjalla við matarborðið og við fórum ekki út að veiða fyrr en okkur fannst passlega etið og spjallað. Svona frelsi í faðmi ósnortinnar íslenskrar náttúru er mörgum Ármanninum mikil nauðsyn og er undirritaður einn þeirra sem hvað best nýtur svona veiðisamveru. Dæmi voru um að menn skriðu í púpur sínar (svefnpokana) undir morgun því nóttin var of yndisleg til að sofa og upplifunin of mögnuð til að yfirgefa veiðistaðina.

Ármanferðin 2008

Næsta sumar er gert ráð fyrir að farin verði önnur svona ferð í vötnin sunnan Tungnár og er stefnt að því að hún verði helgina

fyrir Jónsmessuhelgina. Farið verður föstudaginn 13. júní (er nokkur hjátrúarfullur?), veitt þá um kvöldið í Löðmundarvatni en síðan lagst í ferðir í Dómadalsvatn, Frostastaðavatn og Ljótapoll eftir því sem andinn blæs.

Þegar veiðileyfaframboðið verður kynnt mun þessi ferð vera með í kynningunni og eru Ármenn þá hvattir til að láta stjórnina vita ef þeir ætla sér að koma með okkur í frelsið og dásemdir hálendisins.

Um veiðina

Stóru bleikjurnar, sem við köllum „breiddurnar“ voru að vísu ekki komnar á sína eftirlætis staði þegar okkur bar að

garði síðastliðið sumar og var vorkuldum kennt um en samt voru mjög þokkafullar bleikjur í aflanum.

Eftir reynslu mína sumarið 2007 má búast við að urriðavötnin, Dómadalsvatn og Ljótipollur gætu orðið einstaklega skemmtileg næsta sumar því mikið var af þessum „tæplega tveggja pund-urum“ í báðum vötnunum, rétt eins og talað er um í Veiðivötnum sem einnig eru talin lofa góðu fyrir næstu veiðitíð.

Guðmundur Haukur # 524



Helstu liðir vetrardagskrár 2007-2008

Mánudagskvöldið 1. október kl. 20

Árósar opna með smá viðhöfn

Miðvikudagskvöldið 14. nóvember kl. 20

Magnús Jóhannsson fiskifræðingur og deildarstjóri hjáVeiðmálastofnun á Selfossi fræðir okkur um stöðu sjóbirtingsins í Grenlæk og víðar

Laugardagurinn 8. desember kl. 14

Jólasamkoma

Mánudagskvöldið 7. janúar kl. 22

Lokaskil veiðileyfaumsókna

Miðvikudagskvöldið 23. janúar kl. 20

Aðalfundur Ármanna

Mánudags-miðv.dags. 28.-30. jan. kl. 20-22

Afgreiðsla veiðileyfa

Laugardagurinn 2. febrúar kl. 20

Porrablótið

Laugardagurinn 19. apríl kl. 14

Vorblótið

Laugardagur og sunnudagur 26. og 27. apríl Hlíðarvatnshreinsun

Og að venju

Mánudagskvöld kl. 20:00-22:00 verður opið hús til hnýtinga

Miðvikudagskvöld kl. 20:00-22:00 verður opið hús eða nánari auglýst dagskrá



– allt til bygginga

www.mest.is

NORÐLINGAHOLTÍ • HAFNARFIRÐI • SELFOSSI • REYÐARFIRÐI